

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 19. mars 2020 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-40/2019.

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 20. maí 2019 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á tveimur hurðum og ísetningu hurðanna af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi telur að ísetning hurðanna hafi verið haldin galla og valdið henni tjóni. Krefst álitsbeiðandi þess að seljandi bæti henni þann kostnað sem hún varð fyrir vegna úrbóta á þjónustu seljanda.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 6. júní 2019, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Seljandi nýtti sér þá heimild og bærust andsvörin þann 18. júní 2019. Hinn 20. júní 2019 voru álitsbeiðanda send andsvörin til upplýsinga og honum bent á heimild til að hafa uppi athugasemdir vegna þeirra. Álitsbeiðandi nýtti sér þá heimild og bærust athugasemdirnar 2. júlí 2019. Seljandi sendi frekari andsvör vegna athugasemda álitsbeiðanda og bærust þau þann 17. júlí 2019. Álitsbeiðandi sendi nefndinni frekari athugasemdir sem bærust þann 30. júlí 2019. Nefndinni bærust ekki frekari athugasemdir. Með bréfi, dags. 10. febrúar 2020, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi óskaði eftir tilboði frá seljanda við smíði á tveimur útidyrhurðum af gerðinni PGCu, ásamt þjónustu við ísetningu hurðanna. Seljandi gerði tilboð í verkið þann 20. apríl 2018 sem alls var að fjárhæð 1.159.476 krónur. Kostnaðarliðir tilboðsins voru vegna smíði hurðanna, alls að fjárhæð 707.159 krónur, kaup á frágangslísum alls 27.661 krónur, kaup á ísetningarefni fyrir 17.200 krónur, vinnu við ísetningu alls 195.450 krónur, förgun afgangsefna 7.591 krónur og sandblástur á rúðu að fjárhæð 30.000 krónur. Þegar hurðirnar voru tilbúnar komu starfsmenn seljanda á verkstað til að fjarlægja eldri hurðir og koma þeim nýju fyrir í stað þeirra. Verkið var framkvæmt þann 4. og 5. október 2018 en fyrri daginn var hurð skipt út í þvottahúsi og þann seinni var útidyrhurð framan við húsið skipt út.

Þann 4. október 2018 mætti bróðir álitsbeiðanda á verkstað til að hleypa starfsmönnum seljanda inn og yfirgaf svo svæðið. Um klukkustund síðar mætti hann aftur og voru starfsmenn seljanda á því augnabliki í erfiðleikum við að fjarlægja innsta kannt gömlu hurðarinnar í þvottahúsinu úr falsinu. Að sögn álitsbeiðanda var aflið svo mikið við að fjarlægja kantinn að stór sprunga myndaðist í veggnum sem var um 10 cm á breidd og náði frá gólfi og upp eftir veggnum. Á veggnum er innrétting með vaski og skekkist innréttingin og vaskurinn færðist með innréttingunni. Starfsmenn hófu svo að setja nýju hurðina upp en að sögn álitsbeiðanda varð þá ljóst að um 5 cm bil yrði milli veggja og nýrrar hurðar.

Þegar hafist var handa við að setja upp útidyrhurð framan við húsið kom í ljós að mæling seljanda, þegar mál var tekið fyrir smíði á hurðinni, hafi verið röng. Eftir að gereftið var fjarlægt var ljóst að hurðagatið var stærra en talið hafði verið. Var ákveðið af starfsmanni

seljanda að setja spýtu hringinn í kring um hurðina svo hún myndi passa, en að sögn álitsbeiðanda gerði það að verkum að kantur við innganginn verði óeðlilega hár. Veldur það hættu á að fólk hrasí um kantinn þegar gengið er inn um hurðina. Þá myndaðist einnig bil milli nýrrar hurðar og veggja auk bils milli flísa og gólfs og hurðar að framan, sem var um 8 cm.

Álitsbeiðandi telur að frágangur við uppsetningu hurðanna hafi verið ófullnægjandi og valdið tjóni á fasteign hennar. Bendir hún á að hún hafi keypt sérsmíðaðar hurðir í hurðaop af ákveðinni stærð en dýpt beggja hurðanna hafi verið röng. Eldri hurðin framan við hús var t.a.m. 14 cm að dýpt en sú nýja aðeins 7 cm. Álitsbeiðandi bendir á að ef hún hefði fengið vitneskju um að dýpt nýju hurðanna væri ekki sú sama og þeirra sem fyrir voru hefði hún leitað annað. Þegar álitsbeiðandi tilkynnti starfsmönnum seljanda um skemmdir á vegg í þvottahúsi og bil milli hurðanna og veggja var henni tilkynnt að starfsmenn seljanda væru ekki múrarar og því yrði hún að láta laga veggina sjálf. Álitsbeiðandi var í frekari samskiptum við starfsmenn seljanda í gegnum tölvupóst frá þeim tíma.

Þann 10. október 2018 sendi álitsbeiðandi tölvupóst þar sem hún sagðist vera undrandi á frágangi hurðanna þar sem þvottahús og forstofa séu „í rúst“. Þá segir álitsbeiðandi að ekki hafi „komið fram í samskiptum okkar að við þyrftum að ráða múrara og smið til að ganga frá eftir ísetninguna. Við hefðum eflaust ekki farið út í þessa framkvæmd ef við hefðum gert okkur grein fyrir að við þyrftum að leggja í mikinn aukakostnað eftir ísetningu hurðanna“. Þá segir álitsbeiðandi einnig að henni „þætti vænt um ef þú gætir leiðbeint okkur um framhaldið sem og hvort þið hafið iðnaðarmenn á ykkar snærum sem gætu aðstoðað okkur við frágang“.

Þann 15. október sendi álitsbeiðandi aftur tölvupóst þar sem hún segist ekki hafa heyrt meira frá seljanda vegna kvörtunar hennar um frágang hurðanna, að undanskildu símtali frá reiðum starfsmanni seljanda. Segir álitsbeiðandi að þar sem seljandi virðist ekki hafa í huga að ganga frá veggjum að innanverðu muni hún hafa samband við smið og múrara til að fá mat á kostnaði við vinnuna. Þá segir „Ef kostnaður við frágang reynist lægri en vinna við ísetningu mun ég greiða Y mismuninn“. Í tölvupósti þann 29. október 2018 benti álitsbeiðandi seljanda að nýju á þá annmarka sem hún taldi vera á verkinu. Segir þar: „Við héldum að frágangur væri innifalinn en svo er ekki. Getum við fengið tilboð frá ykkur í frágang?“ Í svari seljanda, þann 30. október 2018, segist seljandi telja að „múrari ætti betur við en smiður, í þessa viðgerð... við höfum því miður enga múrara á okkar snærum“.

Álitsbeiðandi fann eftir nokkra leit aðila sem kvaðst reiðubúinn að meta kostnaðinn og síðar taka að sér verkið. Í kjölfarið hafði álitsbeiðandi að nýju samband við seljanda með tölvupósti þann 6. desember 2018. Þar benti álitsbeiðandi á að múrari þessa fyrirtækis telji sig þurfa 28 til 32 klukkustundir til að lagfæra veggina að innan og smiður telji sig þurfa tvo daga til að fjarlægja og laga innréttingu í þvottahúsi. Liggi því fyrir að kostnaður við viðgerðir verði yfir 400.000 krónur. Álitsbeiðandi benti að nýju á að ekki hafi komið fram í samskiptum við seljanda að hún yrði að ráða múrara og smið til að ganga frá eftir ísetninguna með miklum kostnaði. Gerði álitsbeiðandi kröfu um að seljandi taki þátt í að greiða fyrir skemmdir á innréttingunni ásamt vinnu múrara við frágang að innanverðu eftir uppsetningu nýju hurðanna. Álitsbeiðandi tilkynnti einnig í tölvupóstinum að hún hafi þegar greitt fyrir hurðirnar að fullu en hún telji uppsetningu hurðanna ábótavant og því hafi hún ekki greitt fyrir uppsetninguna.

Smiður viðgerðaraðilans taldi að sögn álitsbeiðanda að innrétting í þvottahúsi hafi aflagast vegna skemmda sem urðu á veggnum. Við mælingar kom í ljós að innréttingin hafði skekkst um 2,5 cm milli efri og neðri hluta. Álitsbeiðandi bendir á að múrarinn hafi ekki getað gert við sprunguna í veggnum og lagað bilið milli hurðar og veggjar fyrr en smiður hafði tekið niður innréttinguna í þvottahúsi, en fyrst varð pípulagningarmaður að aftengja vask og blöndunartæki sem voru inni í skáp í innréttingunni. Síðar varð að setja innréttinguna upp að nýju. Að auki varð að múra í bilið milli þess staðs þar sem gamla hurðin endaði að þeirri nýju auk þess sem skipta þurfti um nýlagðar flísar í forstofu vegna mismunandi dýptar eldri hurðar og þeirrar nýju.

Samkvæmt reikningi, dags. 3. mars 2019, frá viðgerðaraðila, fyrirtækinu Mitt verk ehf., var krafist greiðslu vegna vinnu og efni múrara alls að fjárhæð 293.704 krónur. Krafist var greiðslu fyrir smíðavinnu að fjárhæð 165.528 krónur og vinnu pípulagningarmanns að fjárhæð 66.166 krónur. Kostnaður vegna skemmda í þvottahúsi, þ.e. vegna viðgerða smíðs á vegg í þvottahúsi, auk þjónustu frá pípulagningarmanni, nam alls 231.694 krónum. Kostnaður við að laga bil frá hurð að veggjum og gólfi nam 293.704 krónum. Álitsbeiðandi greiddi því alls 525.398 krónur fyrir viðgerðina. Hefur seljandi, að sögn álitsbeiðanda, talið að álitsbeiðandi eigi að standa straum af þessum kostnaði.

Álitsbeiðandi kveðst hafa litið svo á frá upphafi að frágangur við að skipta um hurðir fælu í sér að gengið yrði frá hurðunum á sama hátt og komið var að verkinu. Kveðst hún hafa gengið að tilboði um hurðafsetningu án þess að nokkuð hafi verið sagt um að hún yrði að ganga frá gati sem muni myndast milli eldri hurðar og þeirrar nýju vegna mismunandi dýptar. Álitsbeiðandi telur að seljandi hafi átt að taka fram í upphafi viðskipta að verulegur aukakostnaður gæti skapast fyrir kaupanda við ísetninguna. Segir álitsbeiðandi að ef hún hefði fengið þær upplýsingar hefði hún leitað annarra leiða í stað þess að greiða 1.684.874 krónur við kaup og ísetningu á tveimur hurðum.

Eftir innheimtuaðgerðir seljanda greiddi álitsbeiðandi fyrir ísetningu hurðanna að fullu. Þá var álitsbeiðanda gert að greiða 55.000 krónur vegna lögmanskostnaðar seljanda. Greiðslan fór fram með fyrirvara um að álitsbeiðandi muni leita réttar síns. Alls hefur álitsbeiðandi greitt 1.739.874 krónur vegna kaupa á hurðunum, ísetningu, lögmanskostnaðar seljanda og viðgerða. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi greiði henni viðgerðarkostnað að fjárhæð 525.398 krónur.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum sínum krefst seljandi þess að málinu verði vísað frá nefndinni eða kröfum álitsbeiðanda hafnað. Að mati seljanda á skaðabótakrafa álitsbeiðanda, vegna meints tjóns sem starfsmenn seljanda eiga að hafa valdið á heimili álitsbeiðanda, undir dómstóla en ekki kærunefnd. Þá telur seljandi að fullyrðingar álitsbeiðanda séu rangar og ósannaðar.

Að sögn seljanda tilnefndi álitsbeiðandi bróður sinn sem tengilið eða umboðsmann gagnvart seljanda þegar starfsmenn seljanda komu og mældu fyrir hurðunum. Bróðir álitsbeiðanda opnaði fyrir starfsmönnum þegar þeir mættu en hann býr í fasteigninni og hefur þar skráð lögheimili. Seljandi segir starfsmenn sína hafa tekið mjög skýrt fram við mælingu að múrvinna innandyra sé ekki hluti af tilboði seljanda. Þá getur ýmislegt gerst að sögn seljanda þegar verið er að rífa gamlar hurðar úr dyragættum, líkt og að brotni upp úr múrhúð. Til að minnka áhættu á múrskemmdum kveðst seljandi hafa boðið bróðir álitsbeiðanda þann möguleika að láta hurð í þvottahúsi opnast út og nýta helming af eldri hurðarkarminum svo ekki þyrfti að múra. Bróðir álitsbeiðanda vildi hins vegar ekki snúa við opnun hurðarinnar og segir seljandi því hafa legið fyrir áður en hurðin var fjarlægð að ráðast yrði í múrvinnu innandyra á kostnað álitsbeiðanda. Múrvinna utandyra var hins vegar hluti af tilboðinu.

Seljandi bendir á að í aðdraganda kaupanna hafi álitsbeiðandi margsinnis komið á söluskrifstofur seljanda og skoðað vel þær útidyrhurðir sem voru til sýnis. Á söluskrifstofunni sé skýrt tekið fram hve breiður karmur hurðanna er og segir seljandi hann augljóslega vera minni en sá sem var fyrir í hurðum álitsbeiðanda. Seljandi segir að dýpt nýju hurðanna komi einnig skýrt fram á öllum vinnuteikningum sem álitsbeiðandi fékk sendar vegna kaupanna. Það hafi því legið fyrir að ganga yrði frá sári innandyra sem kæmi til með að myndast sökum þess að karmur eldri hurðarinnar var breiðari en karmur nýju hurðarinnar. Þá segir seljandi að öllum megi vera ljóst að „breidd á pvc og tré karmi er engan veginn sú sama“. Þegar vinna við ísetningu hófst kveðst seljandi á ný hafa veitt bróður álitsbeiðanda upplýsingar um mögulega múrvinnu innandyra, vegna misjafnrar dýptar hurða og því hann hafi ekki samþykkt að breyta opnun hurðar í þvottahúsi. Að sögn seljanda virtist bróðir álitsbeiðanda „koma af fjöllum“ og

spurði hvort hann þyrfti að fá múrara sem seljandi staðfesti. Var honum því að fullu kunnugt um að þörf væri á múrara. Seljandi bendir einnig á að múrpússning í veggjum þvottahúss álitsbeiðanda hafi verið negld með óvanalega löngum nöglum sem gerði að verkum að sprunga myndaðist hálfra leið frá efri brún borðplötu. Seljandi kveðst ekki geta borið ábyrgð á því hvernig undirlag eða uppbygging fasteignar álitsbeiðanda sé. Þá er því alfarið mótmælt að skápar innréttingarinnar hafi færst um 2,5 cm enda liggi engar sannanir fyrir um það. Seljandi bendir á að álitsbeiðandi hafi einhliða aflað tilboða vegna múrvinnu og reikningar iðnaðarmanna feli ekki í sér sönnur á meintu tjóni álitsbeiðanda.

Seljandi kveðst hafa hafnað kröfum álitsbeiðanda frá upphafi. Álitsbeiðandi sendi formlegt bréf til seljanda þann 2. apríl 2019 þar sem krafist var greiðslu vegna viðgerðarkostnaðar. Með bréfi þann 12. apríl 2019 hafnaði seljandi kröfum álitsbeiðanda og skoraði á álitsbeiðanda að greiða fyrir þjónustuna, en ekkert svar barst. Seljandi sendi því innheimtubréf til álitsbeiðanda þann 10. maí 2019 sem álitsbeiðandi svaraði þann 16. maí 2019 með beiðni um að komið yrði til móts við hana vegna skemmda. Bauð álitsbeiðandi greiðslu að fjárhæð 150.000 sem lok málsins. Seljandi gerði álitsbeiðanda gagntilboð gegn því að gefin yrði út fullnaðarkvittun fyrir greiðslu með yfirlýsingu um að aðilar eigi ekki frekari kröfu á hvern annan. Álitsbeiðandi samþykkti tilboðið og telur seljandi að með því hafi álitsbeiðandi samþykkt framangreinda skilmála. Var fullnaðarkvittun því send til álitsbeiðanda 24. maí 2019. Álitsbeiðandi hefur þó lýst því yfir að hún hafi greitt reikninginn til að lenda ekki á vanskilaskrá en hún muni halda áfram með mál sitt til kröfu skaðabóta vegna ísetningar hurðanna. Telur seljandi að hvorki sé uppi ágreiningur um hurðirnar sjálfar né vegna vinnu við ísetningu. Krafan lúti eingöngu að kröfu vegna meints afleidds tjóns sem starfsmenn seljanda eiga að hafa valdið við ísetningu hurðar í þvottahúsi.

Seljandi krefst þess að kröfu álitsbeiðanda verði hafnað.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum sínum bendir álitsbeiðandi á að frágangi hafi verið stórlega ábótavant og bendir á myndir sem fylgdu með álitsbeiðni því til stuðnings. Voru bæði forstofa og þvottahús í sem næst fokheldu ástandi að sögn álitsbeiðanda. Þegar nokkur tími hafði liðið og seljandi ekki sýnt tilburði til að klára frágang kveðst álitsbeiðandi hafa leitað til annarra iðnaðarmanna.

Álitsbeiðandi segir ekki hafa komið fram í samskiptum við seljanda hve breiður karmur hurðanna væri og ekki hafi verið minnst á að hann væri minni en karmur eldri hurða. Þá bendir álitsbeiðandi á að hún hafi enga þekkingu á smíðavinnu og þrátt fyrir að starfsmenn seljanda hafi talið augljóst að stærðarmunur væri á hurðarkörmunum hafi hún ekki gert sér nokkra grein fyrir því. Álitsbeiðandi segir að seljandi hafi ekki veitt henni upplýsingar um að þörf væri á viðamikilli múrvinnu innandyra eftir ísetninguna eða að „ýmislegt gæti gerst“ þegar gamlar hurðir væru fjarlægðar. Þá segir álitsbeiðandi að hún hafi aldrei fengið upplýsingar um að það hefði áhrif á múrvinnu hvort hurðirnar opnast inn eða út.

Álitsbeiðandi segir að hún hafi ekki tilnefnt bróður sinn sem tengilið í samskiptum við seljanda. Seljandi óskaði eftir því að einhver væri heima til að hleypa starfsmönnum inn til að vinna. Þar sem hún var upptekin kveðst álitsbeiðandi hafa beðið bróður sinn um að opna fyrir starfsmönnum. Álitsbeiðandi bendir á að bróðir hennar sé ekki eigandi fasteignarinnar, hann hafi ekki skoðað hurðir hjá seljanda og ekki verið í nokkrum samskiptum við seljanda vegna kaupa á hurðunum að því undanskildu að opna fyrir starfsmönnum.

Álitsbeiðandi segir rétt hjá seljanda að ágreiningurinn snúi ekki að hurðunum sjálfum heldur ísetningunni og skemmdum af völdum starfsmanna seljanda. Kveðst álitsbeiðandi í upphafi hafa haldið eftir greiðslu fyrir ísetninguna því hún hafði á þeim tíma ekki upplýsingar um kostnað við frágangsvinnuna. Þegar álitsbeiðandi fékk reikning frá viðgerðaraðilanum

krafðist hún þess við seljanda að hann greiddi henni mismuninn á kröfunni og reikningi viðgerðaraðilans. Seljandi hafi þá sent kröfuna til lögfræðings með „hótun um frekari málsókn“. Álitsbeiðandi ítrekar kröfu sína um skaðabætur vegna skemmda í þvottahúsi og vegna frágangs eftir ísetninguna.

VI

Frekari andsvör seljanda

Í frekari andsvörum sínum ítrekar seljandi að gögn málsins hvorki sýni né sanni fullyrðingar álitsbeiðanda. Seljandi bendir á að fasteign álitsbeiðanda sé byggð árið 1965 og því um 55 ára gömul. Ekkert liggi fyrir sem sýni ástand fasteignarinnar eða innréttinga áður en starfsmenn seljanda hófu störf sín. Gæti innrétting í þvottahúsi allt eins hafa verið upprunaleg eða gömul og álitsbeiðandi sé þar af leiðandi að krefja seljanda „um nýtt fyrir gamalt sem hún á ekki rétt til.“ Þá sé ekki vitað hvort undirliggjandi sprungur hafi verið í veggjum sem opnast hafi við framkvæmdirnar en seljandi kveðst aðeins hafa orðið var við eina sprungu í vegg sem hafi opnast við framkvæmdirnar. Skemmdir veggjarins hafi ekki verið í líkingu við það sem álitsbeiðandi haldi fram.

Seljandi bendir á að álitsbeiðandi hafi einhliða látið gera við meintar skemmdir án þess að gefa sér tækifæri á að gæta hagsmuna sinna. Ekki hafi farið fram mat á meintu tjóni en eðlilegra hefði verið að álitsbeiðandi hefði boðað seljanda á matsfund þar sem báðir aðilar kæmu með sérfræðinga sér til aðstoðar. Ella hefði álitsbeiðanda borið að láta dómkveðja matsmann til að meta meint tjón. Seljandi segir því að engin sönnunargögn séu um það hvort og hvert meint tjón álitsbeiðanda hafi verið né hvað hafi orsakað skemmdirnar. Telur seljandi athyglisvert að álitsbeiðandi hafi strax í upphafi ákveðið að taka myndir af framkvæmdum við ísetningu hurðanna áður en ágreiningur kom upp milli aðila. Þá segir seljandi það orð á móti orði að álitsbeiðandi hafi verið gerð grein fyrir því að karmur hurðanna hafi verið minni en þeir sem fyrir voru. Seljandi telur þó að góður og gegn kaupandi hafi mátt gera sér grein fyrir því að karmar nýju hurðanna væru mjórri en þeir sem fyrir voru, með sjónskoðun eða skoða málsetningar á teikningum sem fylgdu tilboði. Telur seljandi að í þessu tilviki eigi sömu sjónarmið við og þegar keyptar eru innréttingar, skápar eða húsgögn. Í slíkum tilvikum þurfi kaupendur að velta fyrir sér málsetningum og hvort hlutir passi í ætlað rými.

Seljandi telur að álitsbeiðandi þurfi að bera hallann af því að hafa ekki verið viðstödd þegar mælt var fyrir hurðunum. Starfsmenn seljanda hafi mátt treysta því að bróðir álitsbeiðanda væri á svæðinu fyrir hönd álitsbeiðanda sem fulltrúi hennar og myndi þar af leiðandi skila upplýsingum til hennar. Að sögn seljanda var bróðir álitsbeiðanda ítrekað upplýstur um að þörf gæti verið á múrvinnum sem ekki væri innifalin í tilboði seljanda og að brotnað gæti upp úr múrhúð. Þá hafi seljandi boðið þann möguleika að láta hurð í þvottahúsi opnast út svo unnt væri að nýta helming gamla hurðarkarmsins án þess að múra. Álitsbeiðandi hafi hins vegar ákveðið að láta hurðina snúa inn eins og fyrri hurðin. Beri álitsbeiðandi sjálf ábyrgð á að hafa valið þá leið sem hafði í för með sér meiri og kostnaðarsamari múrvinnum.

VII

Frekari athugasemdir álitsbeiðanda

Í frekari athugasemdum sínum segir álitsbeiðandi að innrétting í þvottahúsi sé nýleg líkt og sjáist á myndum, en innréttingin var sett upp tæpu ári áður en skemmdir urðu við ísetningu hurðarinnar. Álitsbeiðandi segir það hafa verið ljóst frá upphafi að seljandi ætlaði ekki að lagfæra tjónið sem hann hafi valdið. Hún hafi í fyrstu haft samband við seljanda með beiðni um lagfæringu en seljandi hafi mætt beiðnum hennar með hroka. Þá hafi það tekið hana marga mánuði að fá iðnaðarmenn til að lagfæra tjónið þar sem þörf var á sérfræðipækkingu múrara, smíðs og pípu­lagningarmanns.

VIII

Niðurstaða kærune­fndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila fólust í smíði seljanda á tveimur útidyrhurðum og uppsetningu þeirra. Samkvæmt tilboði seljanda var kostnaður við smíði hurðanna og efniskostnaður áætlaður 782.020 kr. og kostnaður vegna vinnu við ísetningu og förgun afgangsefna 203.041 kr. Því er um að ræða blandaðan samning um kaup á vörum og þjónustu. Þar sem verðmæti hurðanna er mun meira en kostnaðurinn við ísetningu þeirra falla viðskiptin undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi sérsmíðaðar útidyrhurðir af seljanda ásamt þjónustu við uppsetningu þeirra í þvottahúsi og framan á fasteign hennar. Þegar starfsmenn seljanda fjarlægðu eldri hurð í þvottahúsi myndaðist sprunga í vegg þar sem innrétting þvottahússins var staðsett. Olli það skemmdum á veggnum ásamt skekkju á innréttingunni að sögn álitsbeiðanda. Þá voru nýju hurðirnar grynri en eldri hurðar sem voru fjarlægðar. Myndaðist þar af leiðandi bil milli hurðarkarma og veggja og gólfs í þvottahúsi og í forstofu. Álitsbeiðandi óskaði eftir því að seljandi tæki að sér lagfæringu á skemmdum í þvottahúsi og frágang veggja að hurðarkarmi beggja hurða. Seljandi hefur hafnað kröfu álitsbeiðanda og segir frágang innandyra ekki hafa verið hluta af tilboði sínu í verkið og álitsbeiðanda hafi verið það fullkunnugt. Álitsbeiðandi óskaði í kjölfarið eftir þjónustu annars aðila og greiddi honum 525.398 krónur fyrir viðgerðir og frágang, þar af 231.694 krónur vegna viðgerða á vegg og innréttingu í þvottahúsi og 293.704 krónur vegna lagfæringar á bili milli hurða og veggja svo og hurða og gólfs.

Kærunefndin álitur að ákvæði 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) eigi við um kaupin. Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. laganna skal söluhlutur fullnægja þeim kröfum sem leiðir af samningi hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innpökkun. Söluhlutur telst gallaður samkvæmt a-lið 1. mgr. 16. gr. nkpl. ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í 15. gr. Þá er söluhlutur gallaður samkvæmt b-lið 1. mgr. 16. gr. ef seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda hafi vanrækslan haft áhrif á kaupin. Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. nkpl. getur neytandi ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin fóru fram.

Álitsbeiðandi fékk sendar teikningar frá seljanda áður en kaupin fóru fram. Ekki liggur fyrir hvort seljandi hafi sérstaklega upplýst álitsbeiðanda um dýpt karmanna fyrir kaupin eða um mismunandi dýpt eldri hurða og þeirra nýju. Álitsbeiðandi hefur bent á að hún hafi ekki þekkingu til að meta hvort nýju hurðirnar séu jafn djúpar og þær eldri. Seljanda hafi sem fagaðila borið að skýra henni sérstaklega frá því.

Í sölugögnum eru mál hurðanna hins vegar útlistuð með upplýsingum um stærð, breidd og dýpt nýju hurðanna. Þar kemur með skýrum hætti fram að dýpt hurðanna sé 70 mm. Þrátt fyrir að álitsbeiðandi hafi ekki áttað sig á þýðingu þeirra upplýsinga er ekki unnt að fallast á að dýpt hurðanna eða skortur á upplýsingum frá seljanda leiði til þess að hurðirnar séu haldnar galla. Álitur kærunefndin að álitsbeiðanda hafi verið eða mátt vera kunnugt um dýpt hurðanna í skilningi 3. mgr. 16. gr. nkpl. Þar af leiðandi telur kærunefndin sér ekki fært að líta svo á að seljanda hafi borið að taka að sér múrvinnu innandyra vegna mismunar á dýpt eldri og nýrri hurða. Kröfu álitsbeiðanda um greiðslu að fjárhæð 293.704 krónur er því hafnað.

Álitsbeiðandi hefur einnig krafist greiðslu að fjárhæð 231.694 krónur vegna skemmda á vegg í þvottahúsi fasteignarinnar. Skemmdirnar urðu þegar starfsmenn seljanda fjarlægðu eldri hurð fyrir ísetningu nýju hurðarinnar.

Ákvæði 34. gr. nkpl. mælir fyrir um skaðabótaábyrgð seljenda vegna tjóns á munum í tengslum við kaup neytenda, en ákvæðið er svohljóðandi:

Skaðabótaábyrgð seljanda fyrir tjón af völdum galla nær til, auk tjóns á söluhlutum sjálfum, tjóns á hlutum sem söluhluturinn var notaður til framleiðslu á eða hlutum sem standa í nánu og beinu sambandi við fyrirhuguð not söluhlutar.

Neytandi getur krafist skaðabóta vegna annars tjóns á munum en fjallað er um í 1. mgr. nema þegar seljandi sýnir fram á að tjónið verði ekki rakið til mistaka eða vanrækslu af hálfu seljanda.

Þegar seljandi greiðir skaðabætur vegna tjóns á öðrum munum en söluhlutum sjálfum tekur seljandi yfir kröfur neytanda gegn framleiðanda samkvæmt lögum um skaðsemisábyrgð

Kærufndin telur að álitsbeiðandi hafi ekki mátt gera ráð fyrir jafn umfangsmiklum skemmdum í þvottahúsi og raun varð vegna vinnu seljanda. Ekkert liggur fyrir sem styður fullyrðingu seljanda þess efnis að hann hafi upplýst álitsbeiðanda um möguleika á skemmdum við framkvæmd vinnunnar. Ef starfsmenn seljanda töldu efni í umræddum vegg óeðlilegt hefði seljanda verið rétt að stöðva framkvæmdir og tilkynna það til álitsbeiðanda, í stað þess að halda áfram og valda frekara tjóni. Seljandi hefur einnig byggt á því að ekki sé sannað að innrétting í þvottahúsinu hafi í raun orðið fyrir skemmdum. Álitsbeiðandi hefur bent á að til þess að laga skemmdir í veggnum hafi þurft að taka innréttinguna niður og setja hana svo upp að nýju. Kærufndin telur ljóst að leggjast varð í alla þá vinnu sem álitsbeiðandi krefst greiðslu fyrir, til að lagfæra þær skemmdir í veggnum sem seljandi bar, að áliti kærufndarinnar, sannanlega ábyrgð á samkvæmt gögnum málsins.

Fyrir liggur að álitsbeiðandi hafði reglulega samband við seljanda vegna skemmdanna og áforma hennar um að fá skemmdirnar lagaðar. Seljanda var einnig kunnugt um að álitsbeiðandi ætlaði að finna þriðja aðila til að laga skemmdirnar þar sem seljandi gat ekki tekið verkið að sér. Í bréfi sem seljandi sendi til álitsbeiðanda í kjölfar athugasemda hennar segir að henni sé „að sjálfsögðu alveg frjálst að fá iðnaðarmenn til að meta og fá verð í múrvinnu en eins og áður kom fram var það gert fyllilega skýrt áður en vinna hófst að múrvinna væri ekki innifalin í ísetningu“. Seljandi hafði því að mati nefndarinnar tækifæri á að leggja sjálfur mat á kostnað við að lagfæra skemmdirnar og hafði einnig tækifæri á að vera viðstaddur kostnaðarmat á lagfæringunni. Álitsbeiðandi hefur því að áliti kærufndarinnar ekki fyrirgert rétti sínum til að krefjast fullra skaðabóta úr hendi seljanda.

Kærufndin álitur að seljanda beri að greiða álitsbeiðanda skaðabætur vegna viðgerðanna að fjárhæð 231.694 krónur, sbr. 2. mgr. 34. gr. nkpl.

Álitsbeiðanda var einnig gert að greiða 55.000 krónur vegna kostnaðar seljanda af þjónustu lögmanns vegna málsins. Greiddi álitsbeiðandi þann kostnað með fyrirvara um að hún muni leita réttar síns. Seljanda var á þeim tíma ljóst að ágreiningur var uppi um greiðslu fyrir hluta af reikningi seljanda. Verður að telja óeðlilegt að álitsbeiðanda hafi verið gert að greiða kostnað við þá lögfræðiþjónustu sem seljandi óskaði sjálfur eftir til að vernda hagsmuni sína. Kærufndin álitur að seljanda beri að endurgreiða álitsbeiðanda þá fjárhæð, sbr. 1. mgr. 52. gr. nkpl.

Seljanda ber að greiða álitsbeiðanda alls 286.694 krónur.

IX

Álitsorð

Seljanda, Y, ber að greiða álitsbeiðanda, X, alls 286.694 krónur.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson